

**32. fundur í háskólaráði Lbhí** haldinn á Keldnaholti 29. mars 2012 kl. 10:30. Mættir: Stefán Logi Haraldsson, Jón Torfi Jónasson, Emma Eyþórsdóttir, Orri Páll Jóhannsson, Haraldur Benediktsson, Hrannar Smári Hilmarsson, Ágúst Sigurðsson rektor og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Þórhallur Bjarnason og Ásmundur Einar Daðason boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerðir 30. og 31. fundar samþykktar að teknu tilliti til athugasemda.
2. Skýrsla ríkisendurskoðunar. ÁS fór yfir viðbrögð og umræður sem orðið hafa um innhald skýrslunnar frá útkomu hennar. Skýrslan og staða skólans hefur verið kynnt fyrir þingmönnum og ýmsum aðilum. Fram kom í umræðum að leggja beri áherslu á að nýta þá athygli sem hún vekur til að fylgja eftir nauðsynlegum samræðum við stjórnvöld um framtíð skólans. Ekki sé samræmi milli verkefna skólans og fjárhagsramma, byggja hafi þurft skólann upp til að gera hann að starfhæfri einingu og nemendum hafi fjölgað. Rætt um hver sé framtíðarstaða Lbhí gagnvart fjárveitingalíkani menntamálaráðuneytisins m.t.t. framlaga til rannsókna og kennslu. Háskólaráð leggur áherslu á að stjórnendur Lbhí fari í gegnum skýrsluna og setji fram viðbrögð sín við öllum ábendingum. Loks skýrði ÞTJ viðbrögð við ábendingum um útistandandi kröfur og óbeinar afskriftir.
3. Möðruvellir. ÁS greindi frá stöðu mála á tilraunastöð Lbhí á Möðruvöllum en breytingar eru fyrirhugaðar á starfseminni. Kúabúskapur verður lagður af frá 1. sept nk. en jarðræktartilraunum haldið áfram. Rætt hefur verið við sveitarstjórn, amtmannssetur, Búnaðarsamband Eyjafjarðar og aðra heimaaðila um framtíð starfs á staðnum. Háskólaráð lýsir yfir stuðningi sínum við aðgerðirnar. Jafnframt skýrði ÁS frá stöðu starfs á Stóra Ármóti sem er tilraunastöð rekin er af Búnaðarsambandi Suðurlands. Aðstaðan nýtist Lbhí til fódurfræðirannsókna og góðir möguleikar eru til þess að fjármagna þar áframhaldandi rannsóknir á því sviði.
4. Starfsstöðvar og verkefni. ÞTJ kynnti drög að útreikningum á nokkrum hagræðingarkostum. Fasteignarekstur er stór útgjaldaliður hjá Lbhí og ljóst að hægt er að lækka hann og ýmsan kostnað við stoðþjónustu með því að færa verkefni milli starfsstöðva.

Lögð var fram eftirfarandi bókun:

Háskólaráð beinir því til yfirstjórnar Lbhí að skoða kosti og galla þess að færa alla starfsemi skólans á einn stað. Valkostir verði skoðaðir með tilliti til framtíðarverkefna skólans og áhersla lögð á ný mikilvæg verkefni s.s. orkumál í landbúnaði.

Háskólaráð hefur rætt um rekstur Lbhí árið 2012 og næstu ár með tilliti til verkefna skólans, forgangsröðunar og framtíðarhlutverks. Háskólaráð leggur áherslu á að faglega stöðu skólans verði að tryggja með öflugum og víðtæku samstarfi við stjórnvöld.

Háskólaráð hefur rætt mögulegar leiðir til hagræðingar og til að lækka kostnað. Leiðir til árangurs telur háskólaráð liggja í að endurskoða fyrirkomulag starfsstöðva og verkefna ásamt því að skólinn fái skilning og stuðning við varanlega hækkun fjárframlaga. - Einnig er bent á mögulega sölu eigna skólans til að leiðrétta hallarekstur undanfarinna ára og byggja upp til framtíðar.

Samþykkt var að óska eftir fundi með menntamálaráðherra þar sem lagðar verði línur um sameiginlega vinnu um aðgerðir í málefnum skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15 Stefnit að næsta fundi 26. Apríl.